

Ed. **490. Frumvarp til laga** [243. mál]
um breytingu á jarðræktarlögum, nr. 79/1972.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

Fyrirsögn II. kafla orðist svo:

Um ríkisframlag til jarðræktar, húsabóta og hagræðingar.

2. gr.

1. málsgrein 10. gr. orðist svo:

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði, sem hér segir, enda séu framkvæmdir þær sem um ræðir í samræmi við stærðarmörk í lánareglum Stofnlánadeildar landbúnaðarins og búrekstraráætlun fyrir viðkomandi jörð, þegar gerðar eru.

3. gr.

Við 10. gr. bætist nýr liður, nr. IX, svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða:

Heimilt er landbúnaðarráðherra í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands að ákveða eftirgreind frávík frá ákvæðum þessarar greinar á næstu 5 árum:

- a) Að skerða framlög til nýrra vélgrafinna skurða samkvæmt lið I a) á jörðum sem hafa 35 ha. túnstærð eða framræst ræktunarland allt að 50%. Framlög vegna dýpkunar skurða og endurframræslu túna haldist óbreytt.
- b) Að skerða á sama hátt framlög til plógræsa samkvæmt lið I c).
- c) Að skerða framlög til túnræktar samkvæmt lið II a) og b) á jörðum sem hafa 35 ha. túnstærð allt að 50%.
- d) Að skerða framlög til grænfóðurræktar samkvæmt lið II d), allt að 50%.
- e) Að fella niður framlög til hagræktar samkvæmt lið II e) nema grætt sé upp gróðurvana land.
- f) Að skerða framlög til áburðargeymslna samkvæmt V. lið.

Ákvæði þessi gilda um framlög til framkvæmda sem unnar kunna að verða á árunum 1979—1984.

Landbúnaðarráðherra gerir, að höfðu samráði við stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, tillögu til ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun á því fé sem sparast samkvæmt stafliðum a)—f) til annarra verkefna sem lúta að framkvæmd þeirrar stefnu sem mörkuð er fyrir landbúnaðinn, svo sem:

- a) Til að styrkja nýjar tekjuöflunarleiðir bænda og auka fjölbreytni í framleiðslu búvara.
- b) Til að stuðla að bættri heyverkun.
- c) Til hverskonar hagræðingar sem orðið getur til að bæta tekjur bænda án framleiðsluaukningar í nautgripa- og sauðfjárrækt.
- d) Til annarra verkefna er stuðla að því að ná framleiðslu- og tekjumarkmiðum.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins sér um úthlutun fjárins í samræmi við ákvarðanir ríkisstjórnarinnar að því leyti sem það fellur innan verksviðs hans.

4. gr.

Við 12. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða:

Á árunum 1980—1985 skal í fjárlögum ætla til framkvæmda samkvæmt ákvæðum 10. gr., fjárhæð sem nemur meðaltali slíkra framlaga árin 1978 og 1979. Á þá fjárhæð skal árlega greiða verðlagsuppbót í samræmi við ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar.

Greinargerð.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er kveðið svo á, að stefnt skuli að því að framleiðsla landbúnaðarvara miðist fyrst og fremst við innanlandsmarkað.

Nú hafa skapast þær aðstæður að framleiðsla nautgripa- og sauðfjárafurða er orðin mun meiri en þörf er fyrir á innlendum markaði og ekki fást erlendis markaðir fyrir umframmagn sem viðunandi teljast. Eru því ekki um sinn rök til að hvetja til aukinnar framleiðslu í þessum búgreinum.

Í samræmi við ákvæði samstarfsyfirlýsingarinnar er í frumvarpi þessu lagt til að dregið verði um sinn úr þeim framlögum samkvæmt 10. gr. jarðræktarlaga sem mest hvetja til aukningar í nautgripa- og sauðfjárrækt.

Samdráttur í þessum framleiðslugreinum skapar margvísleg vandamál og leiðir óhjákvæmilega til tekjuskerðingar hjá bændastéttinni um sinn. Er því hætt á að slíkur samdráttur valdi röskun í byggð landsins ef ekkert er að gert.

Því er í frumvarpi þessu lagt til að landbúnaðarráðherra, að höfðu samráði við stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, geri tillögu til ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun á því fé sem sparast samkvæmt stafliðum a)–f), til annarra þarfa í þágu landbúnaðarins. Er þar um að ræða framlög til ýmiskonar hagræðingar og nýjunga í landbúnaði sem til þess væru fallnar að draga úr neikvæðum áhrifum samdráttar í nautgripa- og sauðfjárrækt og skapa nýjar tekjuöflunarleiðir fyrir bændur.

Frumvarp þetta var sent Búnaðarþingi 1979 til umsagnar. Hefur í flestum at-
riðum verið tekið tillit til þeirra ábendinga sem það gerði við endanlegan frágang frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Lagt er til að framlög samkvæmt jarðræktarlögum nái einnig til framkvæmda á sviði hagræðingar.

Um 2. gr.

Lagt er til að framlög til húsabóta séu ávallt í samræmi við þær reglur sem Stofnlánadeild landbúnaðarins setur um hámarksstærð útihúsa er hún lánar til, á hverjum tíma.

Einnig er lagt til að framlög til jarðræktar og húsabóta verði framvegis í samræmi við áætlanir sem gerðar kunna að verða fyrir einstök framleiðsluvæði á landinu og búrekstraráætlanir fyrir hvert býli. Hafinn er undirbúningur að þessari áætlanagerð og komi þetta ákvæði til framkvæmda eftir því sem verkinu miðar.

Um 3. gr.

Liðir a)–e).

Lagt er til að dregið verði úr framlögum til framræslu, til nýræktunar túna og grænófóðurræktar. Heildarstærð ræktaðs lands mun nú gefa nægilegt heyfóður handa bústofni landsmanna í meðalári.

Þegar fyrir liggur að fækka þurfi bústofninum og draga úr framleiðslunni eru ekki rök til að halda áfram ræktunarframkvæmdum í sama mæli og áður.

Ræktun grænófóðurs hófst að marki hér á landi á kalárunum 1968–1970. Síðan hefur grænófóðurræktin aukist jafnt og þétt.

Eftirfarandi tafla sýnir þróunina í stærð grænófóðurakra síðustu 11 árin:

Ár:	Ha:
1966	911
1968	1 706
1970	3 460
1976	3 976
1977	4 768 ¹⁾

1) Þar af 901 ha, hjá grænófóðurverksmiðjum.

Samkvæmt niðurstöðum búreikninga var notkun ræktaðs grænófóðurs hjá bænd-
um sem hér segir árið 1977. 4.1% gaf enga uppskeru, 9% fóru til fóðurverkunar, 51.2% voru nýtt til beitar fyrir nautgripa og 35.7% til beitar fyrir sauðfé.

Ljóst er af þessu að mestur hluti grænófóðursins fer til að lengja beirtíma nautgripa og sauðfjár, og er grænófóðurrækt að því leyti hagkvæm. Grænófóðurbeit

er jafnframt að verulegu leyti viðbótarfóðrun og virðist að nokkru mega rekja framleiðsluaukningu í nautgripa- og sauðfjárrækt á síðustu árum til aukinnar græn-
fóðurræktar. Er því ástæða til að draga um sinn úr stuðningi við hana. Árið 1978 voru greiddar kr. 131 732 791 í framlög til græn-
fóðurræktar eða 12.40% af heildarframlögum samkvæmt jarðræktarlögum.

Þá er í e) lið lagt til að felld verði niður framlög til hagræktar nema grætt sé upp gróðurvana land.

Liður f). Lagt er til að framlög til áburðargeymslna verði skert.

Lagt er til að framangreind frávik frá ákvæðum 10. greinar verði heimiluð vegna framkvæmda sem unnar kunna að verða árin 1979—1983.

Gert er ráð fyrir því að landbúnaðarráðherra, að höfðu samráði við stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, geri tillögu til ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun á því fé, sem sparast kann samkvæmt stafliðum a)—f) árin 1980—1984, til annarra verkefna er lúta að framkvæmd þeirrar stefnu sem mörkuð er fyrir landbúnaðinn. Er þar m. a. átt við stuðning við að koma upp nýjum búgreinum og auka þannig fjölbreytni landbúnaðarframleiðslunnar.

Einnig að stuðla að bættri heyverkun, m. a. með sérstökum styrk til að koma upp súgburrkun og votheysgeymslum. Þá er lagt til að verja megi fé til ýmiskonar hagræðingar við búrekstur sem til þess er fallin að auka tekjur bænda án framleiðsluaukningar í nautgripa- og sauðfjárrækt, og til annarra verkefna er að stuðla að því að framleiðslu- og tekjumarkmið þau, sem sett eru fyrir landbúnaðinn, náist.

Lagt er til að Framleiðnisjóður landbúnaðarins annist úthlutun fjáris í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar, að því leyti sem það fellur innan verksviðs hans.

Um 4. gr.

Á fjárlögum ár hvert er veitt fé til framkvæmda í jarðrækt og húsabótum sem unnar hafa verið næsta ár á undan.

Búnaðarfélag Íslands gerir árlega áætlun um þær framkvæmdir, sem byggir á niðurstöðum um framkvæmdamagn næsta ár á undan. Á þeirri áætlun er upphæð fjárveitingar reist.

Þegar dregið verður úr framlögum má gera ráð fyrir að verulega dragi úr framkvæmdum og þar með skerðist sá grunnur sem fjárveitingin er reist á.

Með tilliti til þess hver nauðsyn er nú á fjármagni til hagræðingar og nýjunga í landbúnaði í kjölfar ráðgerðs samdráttar í aðalframleiðslugreinunum, er lagt til að næstu 5 ár verði á fjárlögum ætluð til framkvæmda á ákvæðum 10. greinar fjárhæð sem nemur meðaltali framlaga til þessara framkvæmda árin 1978 og 1979. Á þá fjárhæð verði árlega greidd verðlagsuppbót í samræmi við ákvæði 1. máls-
greinar 12. greinar jarðræktarlaganna.

Framlög til jarðræktar og húsabóta námu kr. 1 061 213 668 árið 1978 og á yfirstandandi ári eru ætlaðar kr. 1 100 979 000 í þessu skyni á fjárlögum.